

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf.
þann 21. mars 2024



Síldarvinnslan hf





Síldarvinnslan hf

Skipauðgerð - Fliskvinnsla - Mjólframleiðsla - Fliskeldi





1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar
3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins
6. Stjórnarkjör
7. Kjör endurskoðenda
8. Kjör endurskoðunarnefndar
9. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum
10. Önnur mál, löglega fram borin



Tillaga um greiðslu arðs

Stjórn Síldarvinnslunnar hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2023 samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins. Arðgreiðsla til hluthafa nemi 32 % hagnaðar ársins sem nemur 3.200,6 millj. króna (um 23,5 millj. USD á lokagengi ársins 2023). Arðgreiðslan nemur 1,73 kr. á hlut. Samþykki aðalfundur tillöguna skal arðsréttindadagur vera 25. mars 2024, þ.e. réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok þess viðskiptadags. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2023 verður því 22. mars 2024, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 26. mars 2024.

Starfskjarastefna lögð fram til staðfestingar.

Lagt er til að starfskjarastefna verði samþykkt í óbreyttri mynd.



Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun vegna ársins 2024 verði sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 600.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 400.000 á mánuði
Varamenn	kr. 200.000 á mánuði

Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd

Formaður	kr. 280.000 á mánuði
Nefndarmenn	kr. 140.000 á mánuði



Endurskoðendur:

*PricewaterhouseCoopers
Vignir Rafn Gíslason*



Tillaga í endurskoðunarnefnd:

*Guðmundur Kjartansson formaður
Arna Bryndís Baldvins McClure
Jakob Bjarnason*



Kaup á eigin bréfum

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf., haldinn 21. mars 2024 samþykkir, með vísan til 55. gr. laga nr 2/1995 um hlutafélög, að heimila félagsstjórn á næstu 18 mánuðum að kaupa hlutabréf í Síldarvinnslunni hf. Heildareign í eigin bréfum á hverjum tíma skuli þó ekki fara yfir 10 % af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma, þ.e. kr. 184.593.974. Heimild þessa má nýta í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

